

**Sp.**

**408. Tillaga til þingsályktunar**

[207. mál]

um þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Gunnar Thoroddsen, Albert Guðmundsson, Eggert Haukdal, Ellert B. Schram, Eyjólfur K. Jónsson, Friðjón Þórðarson, Friðrik Sophusson, Jón G. Sólnes, Jósef H. Þorgeirsson, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Pálmi Jónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra að leggja til við forseta Íslands, að Alþingi verði rofið og efnt til nýrra almennra þingkosninga svo fljótt sem við verður komið.

**G r e i n a r g e r ð .**

Í dag, 1. mars, eru 6 mánuðir liðnir frá því núverandi ríkisstjórn tók við völdum.

Misseris ferill ríkisstjórnarinnar leiðir í ljós: Í fyrsta lagi: Að fyrirheit það, sem tveir stjórnarflokkarnir gáfu fyrir kosningar um „samningana í gildi“ og þriðji stjórnarflokkurinn tók undir við myndun ríkisstjórnarinnar, hefur ekki verið efnt. Í öðru lagi: Að samstaða hefur ekki náðst með stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar um neina stefnu í efnahagsmálum.

Flutt hefur verið tillaga af hálfu eins stjórnarflokksins um, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram til þess að leysa ágreining stjórnarflokkanna um efnahagsfrumvarp forsætisráðherra, sem hefur ekki enn verið lagt fram á Alþingi. Slík tillaga ber uppgjöf og vantrausti á núverandi ríkisstjórn ljóst vitni.

Aukin skattheimta, ríkisíhlutun og eignakönnun eykur á vandann. Meðan algert stefnu- og úrræðaleyfi ríkið að öðru leyti, sigur sífellt á ógæfuhlið.

Án efa hefur verulegur hluti kjósenda í síðustu alþingiskosningum ætlast til annars en nú er komið á daginn, og því þykir nauðsyn, að kjósendum gefist kostur á að kveða upp dóm sinn að nýju. Allir flokkar hafa kynnt stefnu sína í efnahagsmálum, þannig að kostirnir liggja fyrir. Með tilvísun til þess og reynslu af aðgerðum og aðgerðaleyfi núv. ríkisstjórnar vilja sjálfstæðismenn með tillögu þessari greiða fyrir því, að þjóðin fái tækifæri til að kveða upp sinn dóm, hvaða efnahagsstefnu beri að fylgja á næstu árum.